

Skólaráð

Mættir eru: Sigga, Linda, Guðlaug, Bryndís, Valborg,

Fyrsti fundur þessa skólaárs. Margir nemendur hafa sýnt áhuga á að vera í skólaráðinu í vetur en kosning hefur ekki enn farið fram. Fer fram næstu daga.

Ákveðnir voru fastir skólaráðsfundir yfir skólaárið. Þeir verða 24. nóvember, 26. janúar og 27. apríl.

Vonandi getum við farið yfir niðurstöður samræmdra prófa á fundinum í nóvember.

Farið var yfir nýja starfsmenn í húsinu. Tveir nýjir kennarar. Annar í 5. bekk sem heitir Sigríður Ólafsdóttir og er ný útskrifuð. Hún er fagleg og flott. Hinn er Eva Rut Ingimundardóttir í 1. bekk. Hún er vön að kenna 1. og 2. bekk. Við fengum einnig nýjan stuðningsfulltrúa, Arnór Daða, sem er fyrrverandi nemandi hjá okkur. Nýr skólaliði, Catia frá Portúgal. Er í afleysingum á meðan Justina er í barneignarleyfi.

Nemendafækkunin er minni en stefndi í.

1. bekkur er stór með einn kennara en bætt hefur verið í auka kennarastundir og góður stuðningur í bekknum.

Rætt var um skiptinguna á bekkjunum. Fleiri jákvæðar raddir með árgangskiptinguna en neikvæðar. Mikilvægt að nemendur í árgangi upplifi sig sem einn hópur.

Ábending um að skiptiborðið er ekki lengur opið þegar börn eru enn í skólasundi og í tímum.

Umgengni á skólalóð á kvöldin mjög slæm. Skólinn á von á myndavélum í næstu viku. Tekur upp á skólalóðinni og á nokkrum stöðum innan skólans. Umræða um myndavélarnar og fulltrúi foreldra bendir á að þörf sé á að kynna þetta vel fyrir foreldrum og nemendum. Einungis skólastjóri og umsjónarmaður fasteignarinnar verða með aðgang af upptökunum. Þetta er einungis skoðað þegar skemmdarverk hafa átt sér stað eða einhver alvarleg atvik komið upp.

Þarf að koma á stað foreldraröltinu. Hefur mikinn fælingarmátt og vekur samfélagslega vitund.